

Sjöundi fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn 22. mars, 2012 kl. 18.00 í bókasafni Myndlistarskólans í Reykjavík í boði Ingibjargar Jóhannsdóttur, skólastjóra.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Elín Ólafsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Rannveig Löve, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir auk 14 félaga úr Lambdadeild og Helgu Thorlacius úr Betadeild.

Tekið fyrir:

1. Formaður setti fund kl. 18.00, kveikti á kertum, bauð gesti velkomna og hafði nafnakall. Um 14 félagar í Lambda-deild DKG voru gestir fundarins auk Helgu Thorlaciusar úr Betar-deild. Iðunn Antonsdóttir, formaður Lambda-deildar þakkaði boðið á fundinn.

2. **Fundargerð** síðasta fundar lesin og samþykkt.

3. **Næsti fundur, uppstillingarnefnd og þing framundan.** Formaður minnti á næsta fund þann 22. maí, en þá er aðalfundur og stjórnarskipti. Þema fundarins verður: Konur og kvennahreyfingar; Rauðsokkur munu kynna bókina *Konur á rauðum sokkum* og Kristín Jónsdóttir kynnir bók sína um Kvænnaframboðið og kvennalistann 1982-1987, *Hlustaðu á þína innri rödd*. Formaður ræddi síðan verkefni uppstillingarnefndar. Þá minnti hún á vorþingið í apríl og aðjóðasambandsþingið í sumar.

4. **Kynning á Myndlistarskólanum í Reykjavík.** Formður kynnti gestgjafa og fyrirlesara fundarins, Ingibjörgu Jóhannsdóttur. Ingibjörg hefur meistaragráðu í „Fine Arts“ frá Bratt Institute í New York og hefur verið skólastjóri Myndlistarskólans í Reykjavík frá 2005 en var þar áður kennari.

Ingibjörg kynnti sögu og starfsemi Myndlistarskólans með glærusýningu. Skólinn var stofnaður árið 1947 af myndlistarmönnum og áhugamönnum um myndlist. Árið 2010 voru nemendur um 1.500, á aldrinum 3ja til 85 ára, ýmist í fullu námi, hluta námi eða á námskeiðum. Alls starfa 14 fastráðnir kennarar við skóla, flestir í hlutastöðum, auk þess sem stór hópur stundakennara kemur að kennslunni.

Í **barnadeild** eru um 200 börn sem koma í tíma vikulega eftir skóla yfir veturinn. Ingibjörg sagði frá sérstöku samstarfi við leik- og grunnskóla. Sem dæmi koma nemendur í myndlistarnám með kennurum sínum úr grunnskóla daglega í heilan morgun um vikutíma í senn. Þá lýsti hún sumarþjóðum og alþjóðlegu samstarfi.

Námskeiðahluti skólans felst í heilsvetrarnámi í 28 vikur í mismunandi námskeiðum, um 8-12 manns í hverju námskeiði, alls um 250 nemendur á önn.

Fullt nám við skólann felst í:

A. Námi á 3. þrepi (framhaldsskólastig)

Í vetur eru rúmlega 30 nemendur í eins árs undirbúningsnámi við skólann á Myndlistar- og hönnunarsviði, þ.e. fólk sem ætlar sér í listaskóla, listaháskóla eða einhvers konar hönnun. Þetta nám var á sínum tíma flutt frá Myndlistar- og handiðaskólanum þegar Listaháskólinn var stofnaður.

Þá stunda rúmlega 30 nemendur nám á sjónlistardeild (listnámsbraut). Um er að ræða hluta af námi til stúdentsprófs (tvö ár) sem rekið er í samstarfi við Kvænaskólann. Nemendur þurfa áður að hafa lokið einu ári í kjarnagreinum í framhaldsskóla. Í þessu námi eru listir tengdar bóknámi, sem dæmi er listasaga kennd á ensku og stærðfræðin felst í formfræði.

Loks er keramik kjörsvið sem rekið er í samvinnu við Tækniskólann-Skóla atvinnulífsins (21 eining) og tekur eina önn.

B. Nám á 4. þrepi (háskólastig):

Um er að ræða tveggja ára starfstengt, verklegt nám að lokinni listnámsbraut, í teiknun, mótun og textíl – sem fjallar um efni og aðferðir. Inntak námsins er byggt á upplýsingum frá atvinnulífinu um þörf á þessum sviðum. Markmið námsins er að nemendur öðlist þá færni að geta haslað sér völl sem sjálfstæðir hönnuðir og listamenn. Um er að ræða nám sem ekki er í boði við Listaháskólann. Nemendur geta síðan haldið áfram við erlenda samstarfsskóla að BA-prófi. Mikil fjölgun hefur orðið í þessu námi frá árinu 2006.

Að lokinni kynningu sinni fór Ingibjörg með fundarmenn í kynnisferð um húsakynni skólans og sýndi þeim afrakstur starfseminnar, bæði verk fullorðinna og barna.

5. Kaffihlé og konur gæddu sér á veitingum. Formaður Lambda-deildar færði Gamma-deild að gjöf – „Viska fyrir okkar öld“.

6. Þá hófust umræður. Rætt var vítt og breitt um skólann og Ingibjörg svaraði spurningum fundarmanna.

7. Formaður þakkað húsráðanda móttökurnar og kynninguna og færði henni rós að gjöf, þakkaði konum fundarsetuna og sleit fundi kl. 20.30.

GGÓ fundarritari.